

Nd.

## 210. Frumvarp til laga

[113. mál]

um ungmennahús.

Flm.: Einar Ágústsson, Þórarinn Þórarinsson.

### 1. gr.

Byggja skal samkomuhús í Reykjavík fyrir skemmtanir æskufólks og nefnist það ungmennahús. Skal haft samráð við Æskulýðsráð Reykjavíkur um stærð hússins og fyrirkomulag.

### 2. gr.

Í ungmennahúsi mega aðeins fara fram þær skemmtanir, sem hollar og þroskavænlegar eru fyrir æskufólk, og skal til þeirra vandað. Þær skulu undanþegnar skemmtanaskatti.

### 3. gr.

Áfengisneyzla skal algerlega bönnuð í ungmennahúsi.

### 4. gr.

Stofnkostnað ungmennahúss, þar með talin áhöld og tæki, greiði ríkissjóður að hálfu og Reykjavíkurborg að hálfu.

### 5. gr.

Ef um rekstrarhalla ungmennahúss verður að ræða, skal hann greiðast af sömu aðilum og stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

### 6. gr.

Stjórn ungmennahúss skal falin Æskulýðsráði Reykjavíkur.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Það er kunnara en rekja þurfi, að mikill skortur er á hollum skemmtunum við hæfi ungs fólks í höfuðborg landsins. Æskufólk nú á tímum er myndarlegt, atorkumikið og efnilegt líkamlega og andlega og skortir hvorki vilja né getu til að reynast góðir þjóðfélagsþegnar. En það á líka rétt til þess, að hinir fullorðnu veiti orku þess og athafnaþrá möguleika til þroskavænlegra viðfangsefna og hollra skemmtana. Þessari skyldu sinni hafa hinir fullorðnu brugðizt. Í höfuðborg landsins er ekki einn einasti samkomustaður við hæfi æskufólks. Hins vegar eru þar 12 vinnveitingahús, þar sem hinir fullorðnu eiga sér athvarf.

Hér verður að ráða bót á og það án tafar. Uppvaxandi ungmenni eru þjóðinni það dýrmæt, að ekkert má verða því til fyrirstöðu, að nokkru fé verði til þess varið að forða þeim frá slysum. Með þessu frumvarpi er því lagt til, að ríkið og Reykjavíkurborg taki höndum saman um að byggja reykvísku æskufólki samkomuhús, þar sem lagður verði grunnur að hollu og þroskavænlegu skemmtanalífi því til handa. Lagt er til, að stærð og fyrirkomulag hússins verði ákveðið í samráði við Æskulýðsráð Reykjavíkur, sem einnig verði falin stjórn þess. Eðlilegt væri, að ungu fólki væri falið sem mest að fylgjast með umgengni í húsinu og sjá um, að settum reglum sé fylgt. Hefur slíkt gefið góða raun, þar sem það hefur verið reynt.

Vitanlega þarf að gera margt fleira til að bæta aðstöðu ungs fólks til hollra skemmtana og tómstundaiðkana. Í Reykjavík þarf t. d. að reisa skautahöll og bæta aðra aðstöðu til íþróttaiðkana. En meðan öll helztu samkomuhús borgarinnar eru lokuð ungmennum, er fátt eða ekkert meira aðkallandi en að þeim verði séð fyrir hentugu samkomuhúsi.

Nánar verður rætt um málið í framsögu.